

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skulu kjörnir 4 menn í stjórn stofnunarinnar sbr. 9. gr., 2 til eins árs og 2 til tveggja ára.

21. mars 1986

REGLUGERÐ

Nr. 167

um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig læknaritara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Félags íslenskra læknaritara og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Ráðherra getur veitt þeim, sem eru í starfi við gildistöku reglugerðarinnar og hafa starfað í a. m. k. þrjú ár á síðustu 6 árum áður en reglugerðin tekur gildi, starfsleyfi, að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Starfsvettvangur læknaritara er á heilbrigðisstofnunum og stofnunum hins opinbera er fara með stjórnunarmál á heilbrigðisviði. Þeir annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum er varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, skv. nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu og ábyrgð þeirra.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til lækningarastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Læknaritara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

7. gr.

Læknaritara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Um læknaritara gilda að öðru leyti, og eftir því sem við á, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.